

Séra Haraldur Níelsson, sálarrannsóknir og spíritismi við upphaf 20. aldar

Nafn Haraldar Níelssonar prófessors er nátengt sögu sálarrannsókna og spíritisma hér á landi, eða spíritúalisma eins og hann nefndi það stundum. Hann var einn af frumkvöðlum og aðalkynnum þeirrar hreyfingar hérlendis. Þetta atvikaðist fyrst og fremst vegna kynna Haraldar af Indriða Indriðasyni, ungum manni sem fylgdu mikil undur og kraftaverk.

Haraldur Níelsson varð vitni að þessum fyrirbærum nær frá upphafi þeirra árið 1904 og þar til Indriði veiktist alvarlega og varð að hætta árið 1909. Þessi fimm ára kynni höfðu feikileg áhrif á séra Harald og mótuðu trúarskoðanir hans og guðfræði að verulegu leyti. Haraldur ritaði töluvert um athuganir sínar og rannsóknir á Indriða og kynnti þær bæði innanlands og utan, í tímaritum og tvisvar á alþjóðlegum ráðstefnum, fyrst í Kaupmannahöfn 1921 og svo í Varsjá 1923 (Haraldur Níelsson, 1916, 1922a, 1992b, 1924, 1930).

Einnig eru til miklar heimildir um fyrirbæri Indriða eftir aðra höfunda. Það merkasta er eftir læknaþrófessorinn Guðmund Hannesson sem tvisvar var rektor Háskóla Íslands. Þeir Guðmundur og Haraldur höfðu nokkrum árum áður átt í ritdeilu um trúmál og vísindi. Guðmundur Hannesson bað Tilraunafélagið um leyfi til að mega rannsaka fyrirbæri Indriða (Haraldur Níelsson, 1924, bls. 235). Forvígismenn félagsins urðu við þeirri ósk og Guðmundur valdi sér til aðstoðar augnlækninn Björn Ólafsson en hvorugur þeirra hafði haft kynni af miðilsfundum Indriða. Guðmundur Hannesson vann að rannsókn sinni heilan vetur sem hlutlaus aðili. Þar beitti hann öllum hugsanlegum brögðum til að útiloka að um svik eða pretti gæti verið að ræða. Guðmundur (1910-1911, 1924) ritaði ýtarlega greinar um rannsóknir sínar.

Í þessari grein verður fyrst fjallað stuttlega um sálarrannsóknir og spíritisma

og rannsóknir dulrænna fyrirbæra og kraftverka innan kaþólsku kirkjunnar sem á sér langa sögu. Þá verður minnst á þær hörðu deilur um trú og vísindi sem spruttu upp á 19. öld ekki síst við útkomu bókar Darwins um uppruna tegundanna, en þær deilur náðu hingað til lands. Meginefni greinarinnar er um rannsóknir Haraldar Níelssonar og Guðmundar Hannessonar á þeim margs konar fyrirbærum sem fram komu hjá Indriða Indriðasyni.

Sálarrannsóknir og spíritismi á 19. öld

Sálarrannsóknir og spíritismi eru sitt hvað þótt mjög hafi merking þeirra samtvinnast hér á landi. Þessar hreyfingar eiga sér ólíkan uppruna og sögu. Orðið sálarrannsóknir er bein þýðing á enska orðinu “psychical research” og merkir rannsóknir fyrirbæra sem við höfum nefnt dulræn á íslensku. Þessi fyrirbæri eru annars vegar skynjunarfyrirbæri í víðri merkingu þess orðs, svo sem fjarskyggni, forspárgáfa, berdreymi og hugboð og hins vegar efnisleg fyrirbæri þar sem fram koma hreyfingar eða breytingar hluta án þess að efnisleg orsök finnist fyrir þeim (Erlendur Haraldsson, 1978). Reimleikar eru ein tegund þessara fyrirbæra, huglækningar eru önnur. Innan trúfélaga er oft talað um undur, tákni eða kraftaverk og þau túlkuð sem svo að guðlegur máttur grípi inn í lögmál náttúrunnar. Spíritistar töldu að framlíðnir menn gætu verið valdir að fyrirbærunum og svo gerir þjóðtrú okkar.

Upphaf sálarrannsóknanna er rakið til 1882 þegar nokkrir háskólamenn í Cambridge á Englandi stofnuðu félag, „Society for Psychical Research“, til að rannsaka dulræn fyrirbæri sem bar hátt um þær mundir, bæði reynslu almennings, svo sem hugboð og fjarhrif, en einnig fyrirbæri sem fram komu innan spíritismans og tengdust miðlum, svo sem hreyfingar hluta án þess að hönd sæist koma þar nærri og jafnvel að miðlarnir og hlutir í kringum þá lyftust upp og svifu í lausu lofti. Sum þessara fyrirbæra voru þekkt löngu fyrir daga spíritismans, svo sem óútskýranlegar hreyfingar hluta í sambandi við reimleika og jafnvel lyftingar manna eins og dæmið um heilagan Copertino (dó 1602) sýnir. Fjölmargir urðu vitni að því þegar heilagur Copertino lyftist upp við bænahald og sveif í lausu lofti um hábjartan dag og það stóð yfir um margra ára skeið (Dingwall, 1947; Thurston, 1952).

Háskólamennirnir í Cambridge hugðust nota viðurkenndar vísindalegar aðferðir við rannsóknir sínar og komast að hinu sanna um tilveru hinna

dulrænu fyrirbæra, m. a. fyrirbæra spíritismans. Greint var á milli þessi að sannreyna hvað gerðist í raun og bollalegginga um hvernig mætti útskýra fyrirbærin. Var t. d. knýjandi þörf á því að ætla að látið fólk stæði að baki sumum þessara fyrirbæra eins og spíritistar héldu fram? Gat verið að óþekktir hugrænir kraftar lifandi fólks yllu þeim? Um þetta fjölluðu þessir rannsóknarmenn og milli þeirra og spíritista myndist fljótt nokkur gjá, þótt innan raða rannsóknarmanna mætti einnig finna menn eins og t. d. Frederic W. H. Myers (1843-1901) sem töldu sum fyrirbærin best útskýrð með hinni spíritísku tilgátu, það er að látið fólk stæði að baki þeim. Frederic Myers var höfundar frægrar og víðlesinnar bókar sem kom út árið 1903 og nefndist *Human personality and its survival of bodily death*. Bæði Haraldur Níelsson og Einar Kvaran urðu fyrir miklum áhrifum af þessari bók.

Kraftaverk og kaþólska kirkjan

Sé grannt skoðað á rannsókn dulrænna fyrirbæra sér mun lengri sögu og má rekja til kaþólsku kirkjunnar. Kraftaverk voru áberandi þáttur í lífi Krists og innan frumkristninnar og komu einnig við sögu í lífi ýmissa helgra manna.

Prospero Lambertini kardináli, síðar Benedikt páfi XIV (1675-1758), skrifaði merka bók um kraftaverk og rannsóknir á þeim, *De servorum dei beatificatione et beatorum canonizatione* (Lambertini, 1734-8). Í henni er fjallað um hin ýmsu fyrirbæri og skilgreindar kröfur sem fullnægja varð ef taka átti menn í tölu dýrlinga eða helgra manna. Viðkomandi varð að hafa til að bera fyllstu óeigingirni og mannkærleika en einnig varð að sanna að tvö eða fleiri kraftaverk tengdust lífi hans. Á síðari öldum var settur réttur um slík mál með vitnaleiðslum, verjanda og sækjanda og dómurum

En hvers vegna skiptu kraftaverkin máli? Það var vegna þess að þau voru talin geta verið guðlegrar ættar. Þetta kemur víða fram í Biblíunni. Til dæmis í sögunni um Nikódemus sem segir við Jesú „Við vitum að þú ert lærimeistari kominn frá Guði því *enginn getur gert þessi tákni (þ. e. kraftaverk) sem þú gjörir nema Guð sé með honum*“ (Jóh. 3;1-3). Berlega kemur fram í ritum Haraldar Níelssonar að hann leit á ýmis fyrirbæri spíritismans sem kraftaverk og þar með að þau hafi verið guðlegrar ættar. Hann ritar í *Kirkjan og ódaudleikasannanirnar*:

Hvað var það þá sem varpaði birtu yfir frumkristnina? Það var framfarar öllu öðru: kraftaverkin, *dásamlegir* atburðir sem gripu svo hugi manna að tilveran öll varð önnur í augum þeirra. Kraftaverkin, undrin, táknið, voru þeim vottur þess, að guðs gæska og máttur birtust þeim með alveg sérstökum hætti... (1916, bls. 32).

Máttarverkin hafi verið innsiglið á kenningu lærisveina Krists, trygging þess að þeir væru að reka erindi Guðs (1916, bls. 33). Á öðrum stað ritar hann: „Og það er vitnisburður kirkjusögunnar, að máttarverkin, margs konar dásamlegir atburðir, hafi gerst, eigi aðeins postulatímabilið á enda, heldur miklu lengur. Kristindómurinn hafi breiðst út fyrstu aldirnar þrjár aðallega fyrir máttarverkin.“ Svo bætir hann við: „Nú er þetta allt breytt, eins og við vitum. Nú hafa svo að segja allar kirkjudeildir misst trúna á kraftaverkin – nema kaþólska kirkjan; en flestar aðrar kirkjudeildir halda, að kraftaverkatrúin stafi af fáfræði lýðsins, ef hún sé þá ekki reist á einhverjum blekkjandi prettum af hendi prestanna“ (1916, bls. 33).

En hvernig skilgreinir Haraldur Níelsson kraftaverk? „Kraftaverk er hver sá atburður, sem virðist andstæður þeirri rás viðburðanna, sem mannkynið hefur vanist og heimfært til svonefndra náttúrulaga“, (1916: bls. 37). Svo bætir hann við. „Til þess að vera kraftaverk í kristilegum skilningi, verður atburðurinn jafnframt að vera í eðli sínu dásamlegur, vera einstakt tákn gæzku og máttar guðs. Og fyrir því hafa kristnir menn litið svo á, að *hvar svo sem slíkir atburðir gerðust, þar væri drottinn að opinbera sjálfan sig* með sérstökum hætti“ (1916: bls. 37). Fyrir Haraldi Níelssyni voru undur spíritismans kraftaverk og máttarverk hins nýja tíma. Hann ritar: „Eg *trúi* því að kraftaverk hafi gerst þá, af því að ég *veit* að kraftaverk gerast núna.“ (1916, bls. 38).

Deilur um trú og vísindi

Miklar deilur urðu á 19. öld um trú og vísindi. Framgangur vísindanna hafði mótað nýja heimsmynd og hún var gerólík þeirri mynd sem kirkjan hafði boðað um aldir með tilvísun í Biblíuna. Sérstaklega ágerðust þessar deilur eftir að Darwin gaf árið 1859 út rit sitt um *Uppruna tegundanna*. Mörgum sýndist að sköpunarsaga Biblíunnar og þróunarkenningin gætu ekki átt samleið og að þar með væri heimsmynd kristninnar fallin og kristindómurinn um leið.

Þetta leiddi til vaxandi efnishyggju. Það var ekki aðeins að heimsmyndin gjörbreyttist, heldur líka hugmynd manna um hvað maðurinn er í raun og veru. Mynd vísindanna varð sú maðurinn væri eingöngu efnislegur og líkamlegur veruleiki og hin hugræna vídd varð afleiðing en ekki orsök.

Um þetta leyti kom spíritisminn til sögunnar. Hann hófst í smábænum Hydesville í Bandaríkjunum árið 1848. Í húsi þar fóru að heyrast högg sem engin ástæða fannst fyrir. Svo virtist sem skynsemi gædd vera stæði að baki höggunum því spurningum var svarað sem að þeim var beint, t. d. með fjölda högga. Aflið sem stóð að baki höggunum kvaðst vera karlmaður og hafa verið myrtur í húsinu fyrir mörgum árum. Þarna virtist eiga sér stað samband við látinn mann, nokkurs konar samtal. Fljótlega fór að bera á slíkum fyrirbærum víðar og fram komu fleiri persónur – nefndir miðlar – sem virtust eiga auðvelt með að ná sambandi við látið fólk, stundum með höggum, stundum með ósjálfráðri skrift og stundum með því að hið látna fólk talaði í gegnum miðilinn, eins og það var nefnt. Þetta varð að fjöldahreyfingu sem breiddist út eins og eldur í sinu og fór víða um lönd.

Hjá sumum þessara miðla komu fram kröftug efnisleg fyrirbæri: hreyfingar hluta án þess að nokkur kæmi þar nærri, jafnvel að miðillinn lyftist frá jörðu, ljós birtust í myrkri, svipir látinna urðu sýnilegir, stundum svo að mátti snerta þá. Sérstaklega varð skosk-bandarískur miðill, Daniel Dunglas Home (1833-1886) frægur, og það svo að hefðarfólk, kóngar og keisarar sóttust eftir fundum með honum og sannfærðust um raunveruleika fyrirbæranna. Einn frægasti vísindamaður Breta, Sir William Crookes (1832-1919), nýtti hugvit sitt til hins ýtrasta í tilraunum með Home. Niðurstaðan varð sú að hin efnislegu fyrirbæru væru raunsönn, þótt deila mætti um hvað stæði þeim að baki og ylli þeim.

Þarna höfðu komið fram fyrirbæri sem vísindin gátu ekki skýrt og gengu í berhögg við algild lögmál, eins og t. d. þyngdarlögmálið. Í miðilsdái talaði miðillinn sem væri hann aðrar persónur. Þær kvaðust vera látið fólk og skýrðu frá atvikum úr lífi sínu sem miðlarnir gátu ekki vitað um og reyndust oft við eftirgrennslan réttar.

Einfaldasta túlkunin virtist vera sú að þarna væru látnir á ferð og þar með að menn lifðu áfram eftir að líkaminn hafði runnið sitt skeið á enda.

Þessi uppgötvun – eða nýju tíðindi - voru í anda kenninga trúarbragðanna

um að mannskepnan væri annað og meira en einungis hold og blóð og lifði áfram eftir andlátíð. Svo virtust hér gerast fyrirbæri sem samkvæmt lögmálum vísindanna áttu ekki að geta gerst.

Hér voru komin fram ný rök, ný vopn í deilunni milli vísinda og trúar. Margir heilluðust af þessum feng og nýttu hann óspart í baráttunni við hina vísindalegu efnishyggju. Fjöldi leiðandi manna í þjóðfélaginu tók virkan þátt í þessari hreyfingu og gerðu kenningar spíritismans að sínum. Sérstaklega átti þetta við um hinn engilsaxneska heim.

Blómatími spíritismans var síðari hluti 19. aldar og upphaf þeirrar tuttugustu. Þá tók hann að dala, kraftmiklir miðlar hættu að koma fram og æ tíðar upplýstist um svik og pretti. Jafnframt hjöðnuðu smám saman deilur um trú og vísindi. Umburðarlyndi jókst og skilningur á því að vísindaleg þekking á sér líka takmörk. Deilur um tilveru dulrænna fyrirbæra héldu samt öðru hvoru áfram svo lítið bæri á allt til vorra daga. Má í þessu sambandi minnst á ritdeilu í *Fréttabréfi Háskóla Íslands* á árunum 1983-85, sem Sigurður Steinþórsson, Þorsteinn Sæmundsson, Erlendur Haraldsson og Arnór Hannibalsson tóku þátt í. Hún vakti það mikla athygli að hún var endurprentuð í Morgunblaðinu skömmu síðar. Spíritisminn var þó ekki þungamiðja þessarar ritdeilu, heldur tilvera og rannsanleiki dulrænna fyrirbæra. Mörgum vísindamönnum þykir enn í dag að þau geti ekki samrýmt hinni vísindalegu heimsmynd og geti þess vegna ekki verið til.

Hvað spíritismann varðar voru líka margir innan kristninnar sem töldu hann ókristilegan og sprottinn upp úr dimmstu hornum hinnar kristilegu heimsmyndar.

Indriði Indriðason, fyrirbærin og miðilsfundirnir

Hér á landi voru það rithöfundurinn Einar Kvaran og guðfræðingurinn Haraldur Níelsson sem urðu boðberar þessarar nýju hreyfingar, báðir fyrst og fremst vegna kynna sinna af Indriði Indriðasyni (1883-1912), fyrsta íslenska miðlinum. Indriði var frá Skarði í Dölum og kom til Reykjavíkur 22 ára að aldri til að læra prentið í Ísafoldarprentsmiðju.

Veturinn 1904-05 stofnaði Einar Kvaran fámennan hóp sem sat saman í þeirri von að kalla fram hreyfingar á borði (borðdans). Einar hafði lesið um slíkt í útlendum bókum. Stundum voru þessir fundir haldnir heima

hjá Indriða Einarssyni skáldi (kona hans var sérlega áhugasöm) en Indriði Indriðason var frændi hans. Ekkert markvert gerðist lengi vel á þessum fundum, uns eitt sinn að Indriði tók fyrir tilviljun þátt í einum þeirra. Einar Kvaran lýsir þessu svo:

„En Indriði var ekki fyrir sestur að borðinu en borðið tekur viðbragð mikið og hamast. Varð Indriði skelkaður og ætlaði að hlaupa út. Upp úr því byrjuðu tilraunirnar með Indriða.“ (Morgunblaðið 1934, 6. des). Næst þegar sest var með Indriða gerðist hið sama, síðar kom fram ósjálfráð skrift og svo transyrirbæri, þ. e. Indriði fór að falla í dá og tala sem væri hann annar en hann sjálfur.

Einar Kvaran bætir við í ofanefndri grein: „Ég vakti máls á þessu við sr. Harald Níelsson. Hann tók því vel ef á þennan hátt væri hægt að fá einhverjar sannanir“. Þá ritar Einar „Ég gerði Haraldi Níelssyni viðvart þegar fór að rætast úr tilraunum okkar og þótti honum ekki minna um vert en öðrum svo hann kom með.“ (Mbl. sama stað).

Það sem gerðist á fundum með Indriða töldu fundarmenn svo merkilegt að þeir stofnuðu um hann félag, Tilraunafélagið. Þeir byggðu einlyft hús í Þingholtsstræti fyrir tilraunirnar með 100 manna fundarsal, öðrum minni og íbúð fyrir Indriða (Gissurarson & Haraldsson, 1989).

Í erindi sem Haraldur hélt á fyrstu alþjóðlegu ráðstefnu sálarrannsóknanna í Kaupmannahöfn árið 1921 lýsir hann því sem gerðist á fundunum. Rétt er að taka það fram að fundirnir fóru yfirleitt fram í myrkri eða miklu rökkri en gætt var að því með ýmsum ráðum að miðillinn kæmi engum brögðum við, t. d. var haldið um hendur hans og fætur og oftast gerði Haraldur það. Og stundum var brugðið upp ljósi andatak. Meðan á fundunum stóð var Indriði í dá og þótt stunginn væri nálum sýndi hann engin viðbrögð.

Fljótt komu fram og töluðu í gegnum Indriða svonefndir stjórnendur. Þar var áberandi afabróðir Indriða og einn af Fjölnismönnum (K. G.). Milli stjórnenda „að handan“ og leiðtoga Tilraunafélagsins myndaðist náðið samband. Ræddu þeir saman um leiðir til að sannfæra fundarmenn um tilveru sína og um leiðir til að framkalla hin ýmsu fyrirbæri. Haraldur segir frá því að sérhver þessara stjórnanda hafi haft sínu sérstöku einkenni - eins og við öll hin - og þau hafi haldist óbreytt öll þau fimm ár sem þetta stóð

yfir. Haldnir voru fundir með Indriða einu sinni til tvisvar í viku alla vetur frá 1904-1909. Þegar á leið voru þeir oftast sóttir af um 60 til 70 manns. En hver voru fyrirbærin?

- Það heyrðust högg og smellir á veggum og hluti umhverfis miðillinn. Spurningum var svarað með þessum höggum þótt miðillinn væri í djúpu dái og haldið væri um hann þannig að útilokað væri að hann næði til þeirra staða sem högginn heyrðust frá.
- Stundum heyrðust smellir í loftinu umhverfis miðillinn í ýmsum fjarlægðum frá honum og eins og á stöðugri hreyfingu.
- Indriði lyftist upp og allt upp í þak á salnum þótt gæslumaður hans (oftast H. N.) reyndi af alefli að halda honum í sæti sínu. Stundum var sófa eða körfustól sem miðillinn sat á lyft hátt í loft upp og borin til eins og af ósýnilegum höndum.
- Oft talaði miðillinn sem væri hann annar maður eða kona og hver vera talaði með sínum talsmáta.
- Enn merkilegra var að raddir heyrðust oft utan Indriða, það er í kringum hann. Stundum töluðu tvær eða fleiri raddir í senn, oft góðan spöl frá Indriða og frá ýmsum stöðum í fundarsalnum. Stundum heyrðust þessar raddir um hábjartan dag og utan funda.
- Stundum var sungið hástöfum úr ósýnilegum börkum, meira að segja tvíradda, sópran kvenmannsrödd og djúpur karlmannsbassi. Guðmundur Hannesson var einn af mörgum sem urðu vitni að þessum furðulega söng.
- Tveimur trompetum eða gjallarhornum var komið fyrir á borði nálægt miðlinum en handan seilingar. Oft var blásið í þá af miklum krafti eða sungið. Stundum virtist sem þeir væru færðir til með miklum hraða og jafnframt blásið í þá.
- Þá var yfir 20 kg. spilaboxi komið fyrir í fundarsalnum með sjálflýsandi fosfór. Spilaboxið var trekkt upp af ósýnilegum höndum og sveif svo um spilandi og í lausu lofti í fundarsalnum.
- Ýmis ljósforbærni áttu sér einnig stað, fyrst eins og lýsandi neistar hér og þar um fundarsalinn, sumir smáir, aðrir stórir og í ýmsum litbrigðum. Haraldur taldi einu sinni 58 þeirra á einum fundi. Undanfari þessara

Ljós fyrirbrigða var oft sterkur vindgustur þannig að hár á höfði manna hreyfðist til sem í háaroki væri.

- Brátt tók að myndast á fundunum bjartur ljóshjúpur sem gat verið misstór um sig. Eitt kvöldið birtist í þessum hjúp höfuð og axlir manns sem mælti á dönsku. Haraldur segist muna sérlega vel eftir andlitsfalli þessa manns. Viðstaddir sáu hann greinilega og á ýmsum stöðum í herberginu, t. d. allt að sjö sinnum sama kvöldið en stutt í hvert sinn. Þetta gerðist endurtekið um skeið. Það lýsti af þessari veru svo að stundum mátti sjá bæði hana og miðilinn í einu. Þá fengu menn stundum að snerta þessa veru og þukla á henni.
- Algengt var að menn væru snertir eða klipnir af ósýnilegum höndum.
- Stundum barst undursamlegur ilmur um herbergið og yfir viðstadda eins og í öldum. Þetta minnir á frásagnir í kaþólskum heimildum um helga menn þar sem fyrirbærið er nefnt “odor sancti”, hinn helgi ilmur.

Margt fleira mætti nefna en ekki staður til þess hér. Þó skal minnst á eitt sem hófst í desember 1907 og skar sig nokkuð úr. Sögðu stjórnendur að ill og reið persóna hefði komist í sambandið og vildi gera því og Indriða allt til miska. Indriði kvaðst sjá veruna, mann sem hafði stytst sér aldur í Vestmannaeyjum, og var hræddur við hann. Indriði varð fyrir miklu aðkasti. Menn þurftu að gista hjá Indriða honum til varnar. Mörg þessara fyrirbæra gerðust við góða birtu. Hlutum var fleygt til og kastað í Indriða og brotið og bramlað. Indriði var sjálfur þrífinn fram úr rúmi sínu, dreginn eftir gólfinu og út að dyrum þótt tveir menn héldu um fætur hans og streittust á móti. Þá var honum lyft úr rúmi sínu upp í loftið þannig að tveir menn náðu ekki að halda honum í rúminu. Eitt sinn gekk þetta svo langt að þeir urðu að flýja íbúðina og gista heima hjá Einari Kvaran. Skilmerkilegar og vottaðar samtímalýsingar eru til af þessum atburðum (Haraldur Níelsson, 1924, 1930). Á þessu tímabili var á einum tilraunafundi rammniðurneglt ræðupúlt og pallur rifinn út úr vegg í Tilraunahúsinu og kastað fram á gólf. Slíkur var krafturinn.

Rannsóknir Guðmundar Hannessonar prófessors

Enginn var hugvittsamari en Guðmundur Hannesson við að finna leiðir til að komast að hinu sanna um fyrirbæri Indriða. Hann rannsakaði Indriða allan veturinn 1908-1909. Fyrst fylgdist hann með því sem gerðist á fundum en tók svo til ýmissa ráða til að útiloka þann möguleika að brögð gætu verið í tafli. Fundirnir fóru fram í húsi Tilraunafélagsins. Hann byrjaði á því að skoða hvern krók og kima í fundarsalnum og lét innsigla dyrnar inn í fundarsalinn við upphaf funda. Þá lét hann girða af það svæði þar sem miðilinn og gæslumaður hans (venjulega Haraldur Níelsson sem hélt um Indriða) héldu sig með neti sem var það þéttriðið að ekki mátti stinga hendi inn um. Á svæðinu var einnig borð utan seilingar fyrir miðilinn sem á stóðu hljóðfæri. Netið var fest á vegg, loft og gólf með trélistum sem negldir voru niður nema á einum stað á gólfinu þar sem skriða mátti inn á hið lokaða svæði. Þessari rifu var svo lokað og hún innsigluð við upphaf funda eða Guðmundur gætti hennar sjálfur. Þá batt hann sjálflysandi borða á hljóðfæri og hluti sem tókust á loft og þá mátti sjá þau þjóta um salinn í myrkrinu. Þá tendraði hann stundum ljós að óvörum. Einnig lét hann Indriða sitja á körfustól sem heyrðist í við minnstu hreyfingu miðilsins. Eftir marga fundi í húsi Tilraunafélagsins hélt Guðmundur einnig fundi heima hjá sér þangað sem Indriði hafði aldrei komið. Guðmundur færði Indriða úr hverri spjör og í fót af sjálfum sér. Allt kom fyrir ekki, fyrirbærin gerðust jafnt þar sem í húsi Tilraunafélagsins (Guðmundur Hannesson, 1910-1911).

Þess verður að geta að fundirnir fóru fram með mjög guðrækilegum hætti, hófust með bænum og guðsorði og einkenndust af þrúðmannlegum samskiptum fundarmanna og stjórnendanna „að handan“.

Tilgangur stjórnendanna var að sanna tilveru lífs eftir dauðann og tilveru fyrirbæra sem ekki urðu útskýrð með náttúrulögnum, svo notað sé orðalag Haraldar Níelssonar. Af ýmsum heimildum er ekki annað að sjá en þetta hafi tekist hvað varðaði þorra þess fólks sem sótti þessa fundi en þeir voru fjölmargir. Meðal þeirra sem létu sannfærast var sjálfur biskupinn yfir landinu, séra Hallgrímur Sveinsson. Nokkrir fundir voru haldnir heima hjá honum og fyrirbærin gerðust þar sem annars staðar.

Eins og að líkum latur voru miklar deilur um „andatrúarfarganið“ eins og sumir nefndu það. Það var aðalmræðuefni bæjarbúa á þessum árum.

Haraldur og félagar þreyttust ekki á að benda á að gagnrýnin kom frá fólki sem engin kynni hafði haft af fyrirbærunum. Þetta átti t.d. við um prófessor Ágúst H. Bjarnason sem taldi að skýra mætti fyrirbærin með öðrum hætti en þeim að þarna væri framliðið fólk á ferð. Hann virðist þó ekki hafa efast um raunveruleika fyrirbæranna (1906, 1916).

Hvaða áhrif höfðu svo þessir miðilsfundir og öll þau skrif sem fylgdu í kjölfarið? Guðmundur Hannesson lýsir því svo árið 1910: „Fjöldi lærðra manna trúir nú staðfastlega á megnið af fyrirburðum þeim sem þjóðsögur vorar eru fullar af og skammast sín hvergi fyrir“ (Norðurland, 10, 52 tbl.).

Hver er arfleifðin nú heilli öld síðar? Sennilega hefur hún haft nokkur áhrif á það sem kannanir sýna. Við Íslendingar erum meðal þeirra þjóða Evrópu þar sem hlutfallslega langflestir trúa á líf eftir dauðann. Við erum hlutfallslega mun hærri en nokkur önnur þjóð mótmælenda og sambærilegir við mestu trúþjóðir kaþólskunnar, Möltubúa, Pólverja og Íra (Erlendur Haraldsson, 2006). Kannanir sýna einnig að trú á tilveru dulrænna fyrirbæra virðist meiri hér en meðal annara Evrópuþjóða ef til vill að Ítölum einum undanskýldum.

Nútímarannsóknir á hugsanlegu lífi eftir andlátíð

En hvað um daginn í dag? Eru enn stundaðar rannsóknir sem reyna að varpa ljósi á spurninguna um líf handan hins líkamlega tímaskeiðs? Eru til vísindamenn og fræðimenn sem enn eygja leiðir til að nálgast þessa spurningu á empírískan hátt? Til er fámennur akademískur hópur slíkra rannsakenda sem lítið ber þó á. Nú beinast rannsóknir mest að fyrirbærum sem áður var lítt eða ekki veitt eftirtekt enda sum mjög fágæt. Hér má minnast á fernt:

1. Reynsla á mörkum lífs og dauða, svo sem þegar hjartað hættir að starfa þannig að það má telja menn af, en samt tekst með lækisfræðilegum inngrípum að vekja menn til lífs á ný. Þá kemur í ljós að einstaka maður man eftir að hafa verið utan líkama síns og fylgst með aðgerðum lækna og getur lýst þeim. Einnig verða sumir varir við látið fólk. Hér má minnast á umfangsmikla rannsókn sem gerð var fyrir fáeinum árum við stórt sjúkrahús í Southhampton á Englandi, og aðra við sjúkrahús Virginíuháskóla á Bandaríkjunum (Parnia, 2006; Kelly, Greyson & Kelly, 2007).
2. Einstaka fólk hefur ofskynjanir eða sýnir rétt fyrir andlátíð. Þær eru

venjulega af látnum ástvinum eða ljósverum eins og Haraldur Níelsson myndi nefna þær. Þessa verur virðast birtast til að taka á móti hinum deyjandi manni sem verður þá fús til hinnar hinstu farar þótt hann hafi ekki verið það áður (Osis & Haraldsson, 1977).

3. Þá verður að nefna þá gamalkunnu reynslu að verða var við svipti látinna. Evrópska lífsgildakönnunin sýndi að fjórðungur Vestur-Evrópubúa kveðst búa yfir slíkri reynslu hér á landi um eða rúmur þriðjungur. Sé skipulega rætt við þetta fólk kemur ýmislegt eftirtektarvert í ljós sem ekki er tími til að rekja hér. T. d. kom fram í umfangsmikilli viðtalsrannsókn sem höfundur stóð fyrir hér á landi að um 14% tilvikanna gerast á sama tíma og hinn skynjaði deyr og að 30% tilvikanna er reynsla af fólki sem deyr á voveiflegan hátt (Erlendur Haraldsson, 2005).
4. Þá finnast stundum börn – sérstaklega í Asíu - sem við tveggja til þriggja ára aldur - svo til um leið og þau fara að geta talað - segja frá lífi og atburðum sem gerðust áður en þau fæddust og þeim finnst vera lífsreynsla sín. Sumar þessara meintu minninga hefur tekist að sannreyna. Spurningin er, hvernig hafa börnin öðlast vitneskju um atburði úr lífi manna sem létust áður en þau fæddust? Getur hugsast að þetta séu raunverulegar minningar frá fyrra lífi eins og börnin fullyrða? Við athuganir fjölda slíkra tilvika kemur ýmislegt eftirtektarvert í ljós. Mikill hluti þessara meintu minninga fjallar um atburði sem leiddu til dauða í fyrra lífi og tíðast voru það slys eða annars konar voveiflegir dauðdagar. Einnig kemur fram að hið meinta fyrra líf var nær ævinlega nálægt í tíma og rúmi (Erlendur Haraldsson, 1991; Stevenson, 2001).

Séra Haraldur Níelsson var ekki einungis guðfræðingur. Hann vildi leita vísindalegra ráða til að svara spurningum sem tengjast óhjákvæmilega guðfræðinni. Annars vegar er það sú spurning hvort kraftaverk séu raunverulega til eins og fram kemur í Biblíunni. Hins vegar er spurningin sú hvort finna mega efnisleg rök fyrir því að mannsálin lifi af líkamsdauðann. Fyrirbæri þau sem hann og fjölmargir aðrir urðu vitni að í miðilsstarfi Indriða Indriðasonar sannfærðu hann um hvoru tveggja. Þessi sannfæring hans hafði áhrif á kennslu hans við Háskóla Íslands þar sem hann mótaði viðhorf mikils hluta heillar kynslóðar presta og guðfræðinga.

Heimildir

- Ágúst H. Bjarnason. 1906. "Andatrúin" krufin. Reykjavík: Jón Ólafsson.
- Ágúst H. Bjarnason. 1916. Rannsókn dularfullra fyrirbrigða. *Andvari*, 39, 17-48.
- Dingwall, E. J. 1947. *Some human oddities*. London: Home & Van Thal. Oft endurútgefin.
- Einar H. Kvaran. 1934. Frá landamærunum. *Morgunblaðið*, 6. des.
- Erlendur Haraldsson. 1978. *Bessa heims og annars*. Reykjavík. Bókaforlagið Saga.
- Erlendur Haraldsson. 1991. Children claiming past-life memories: Four cases in Sri Lanka. *Journal of Scientific Exploration*, 5, 233-262. Fleiri greinar, sjá: www.hi.is/~erlendur.
- Erlendur Haraldsson. 2005. *Látnir í heimi lifenda*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Erlendur Haraldsson. 2006. Popular psychology, belief in life after death and reincarnation in the Nordic countries, Western and Eastern Europe. *Nordic Psychology*, 58, 171-180.
- Guðmundur Hannesson. 1910-1911. Í Svartaskóla. *Norðurland*, Sjö greinar, 21. des. 1910 til 18. mars 1911.
- Guðmundur Hannesson. 1924. Remarkable Phenomena in Iceland. *Journal of the American society for Psychical Research*, 18, 239 – 272.
- Haraldur Níelsson. 1916. Kraftaverkin fyrr og nú. Í *Kirkjan og ódauðleikanmanirnar*. Reykjavík: Ísafold. 31-59.
- Haraldur Níelsson. 1922a. Some of my experiences with a physical medium in Iceland. Í C. Vett (ritstj.) *Le compte rendu officiel du premier congrès international des recherches psychiques a Copenhague*. Kaupmannahöfn, 450-465.
- Haraldur Níelsson. 1922b. *Kirken og den psykiske forskning*. Kaupmannahöfn: Levin og Munksgaard.
- Haraldur Níelsson. 1924. Poltergeist phenomena in connection with a medium observed for a length of time, some of them in full light. Í *L'État actuel des recherches psychiques d'après les travaux du 2me Congrès International tenu a Varsovie en 1923 en l'honneur du Dr. Julien Ochorowicz*. Paris: Presses Universitaires de France, 148-168.
- Haraldur Níelsson. 1930. Reimleikar í Tilraunafélaginu. *Morgunn*, 11, 171-198. Endurprentað í *Lifið og ódauðleikinn*. Reykjavík: Sálarrannsóknafélag Íslands, 1951.
- Kelly, E. W., Greyson, B. & Kelly E. F. (2007). Unusual experiences near death and related phenomena. Í Kelly, E. F. et al. *Irreducible mind*. Bls. 367–421. New York: Rowman & Littlefield Publishers.
- Prospero Lambertini. 1734-8. *De servorum dei beatificatione et beatorum canonizatione*. 4 bindi. Bologna.
- Loftur R. Gissurarson & Erlendur Haraldsson. 1989. The Icelandic physical medium Indridi Indridason. *Proceedings of the Society for Psychical Research*. 57, 53-148.
- Osis, K. & Haraldsson, E. 1977. *At the hour of death*. Norwalk, Connecticut: Hastings House.
- Parnia, S. 2006. *What happens when we die*. Carlsbad, California: Hay House.
- Stevenson, I. 2001. *Children who remember Previous lives*. Revised edition. Jefferson, North Carolina: McFarland.
- Thurston, H. 1952. *The physical phenomena of mysticism*. London: Burns Oats.